

Læknisferð á aðventu 1901

Minningabrot úr kaflanum „Úr endurminningum“ sem Ingólfur Gíslason ritaði í Lækna-bókina sem gefin var út 1949 af Helgafelli.

Ingólfur réðst fyrst til héraðslæknisþjónustu árið 1901 í Reykjadalshéraði er tók yfir alla suðurhreppa Suður-Þingeyjarsýslu. Hann gegndi því til ársins 1906.



Ingólfur Gíslason
1874-1951.

Mér dettur í hug ein af þessum ferðum, það var nokkru fyrir jól, þennan fyrsta vetur. Við lögðum af stað síðari part nætur og ferðinni var heitið til sóknarprests, sem átti heima fremst frammi í Bárðardal. Presturinn var ungur og efnilegur mað-

ur, en nú hafði hann fengið lungnaberkla með blóðhósta. Ferðin gekk nú sæmilega til að byrja með, hestarnir óðu snjóinn á Fljótshéiðinni og sums staðar var skafið af brautarnefnunni. Við gátum þá látið hestana skokka og þegar vestur af heiðinni kom, sáum við, þrátt fyrir hríðarkólguna, hvernig Goðafoss barðist við klökuga klettadranga og þeytti stórum klakastykkjum, heilum jökum, niður í hlydýpið. Gufan upp af fossinum virtist frjósa og verða að strönglum er steypust svo fram af brúninni með stóru, hvítu vatnsbólstrunum. Ekki vildi ég vera í sporum Grettis Ásmundssonar þegar hann kafaði undir fossinn og vann á ófreskjunum þar. Nei, þá var skárri að vaða lausar fannirnar á fljótsbakkanum í mitti, með hestinn bröltandi á eftir sér, bara passa að hann stigi ekki ofan á mann í umbrotunum. Komast svo á bak á næstu hæð og hvíla sig á hestinum um stund. Svona gekk þetta lengi dags, veðrið versnaði, hríðarkófið buldi á okkur og lítið sá til þessara fáu bæja sem urðu á leið okkar, því þeir voru að mestu huldir snjó. Þegar rökkva tók komum við loks heim að einum bæ. Mér fannst við vera komnir svo langt inn til fjalla að þetta hlyti að vera útilegumannabær og maðurinn sem var að moka frá bæjardyrnum



Goðafoss í klakaböndum. Ljósmynd. Andreas Tille

var í stórri mórauðri úlpu og með skinnhúfu á höfðinu, en hann var svo gæfur og góðlegur, að hann gat ekki verið útilegumaður. Hann bauð okkur inn í stofu, sem auðvitað var héluð innan og köld. Við settumst niður í öllum skrúðanum, sem víða var skreyttur drifhvítum snjó, óparfi að dusta af sér, því ekki var hætt við að snjórinn bráðnaði. Við vissum að við áttum langa leið fyrir höndum, áður en við kæmum á prestssetrið, eu samt fannst mér að Ódáðahraun hlyti að vera á næstu grösum með allar sínar forynjur og tröll. Ég varð því mjög undrandi er ég heyrði allt í einu leikið á „píanó“ yfir höfðinu á mér og það var auðheyrt að sá kló er kunn. Symfonia eftir Beethoven streymdi um húsið eins og skærasta ljósaldá og hvergi virtist blettur né hrukka. Grammofon var ekki um að tala og útvarp hafði þá engum dottit í hug. Þetta var húsbóndinn við slaghörpuna sína, hann var nýkominn inn frá því að gefa ánum, búinn að þvo sér um hendurnar og var nú að liðka fingurna og hressa sig áður en hann kæmi niður til að drekka með okkur kaffi. Við lögðum af stað sáttari en áður við guð og menn, héldum út í hríðina, myrkríð og nóttina, sem skilaði okkur til prestsins, um það bil er dagur rann.

Fyrsta botnlangaaðgerð á Íslandi

Guðmundur Hannesson varð fyrstur íslenskra lækna til að nema brott botnlanga. Sjúklingurinn var **Ingólfur Gíslason** læknir. Aðgerðin fór fram 2. september 1902 á Akureyri.

Skopmyndin



Margrét Guðnadóttir prófessor

var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við læknadeild Háskóla Íslands 10. nóvember síðastliðinn.

Öldungadeild óskar henni hjartanlega til hamingju með viðurkenninguna.

Teikning: Sigurður V. Sigurjónsson